



Menntamálanefnd

Alþingi
Erindi nr. P/130/2037
komudagur 21.4.2004

Umsögn þingskjal 363, mál nr 317 á 130. löggjafarþings 2003-2004.
Tillaga til þingsályktunar um Háskóla á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FSV) hefur á undanförunum árum tekið þátt í vinnu aðila á Vestfjörðum um eflingu háskólanáms og rannsókna. Samstarfshópur sem FSV stóð að ásamt Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Ísafjarðarbæ, afhenti Menntamálaráðherra í apríl 2003 skýrslu varðandi uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Vestfjörðum. Þar eru settar fram hugmyndir að uppbyggingu á þessu sviði og að aukið fjármagn verði sett til þessa verkefnis. Einnig óskaði samstarfshópurinn eftir frekari aðkomu menntamálaráðuneytisins á sama hátt og skipað hafði verið til starfshóps um háskólanámssetri á Austurlandi árið 2002. Menntamálaráðherra skipaði síðan í starfshóp um uppbyggingu háskólanámsseturs á Vestfjörðum í nóvember 2003. FSV á fulltrúa í þeim hópi, niðurstaða af starfi hópsins liggur enn ekki fyrir.

Mikil vinna hefur því farið fram í héraði um stofnun háskóla / háskólaseturs og tengingu þess við eflingu rannsókna. Því fagnar stjórn FSV framkominni tillögu til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum, tillagan er mikilvægt innlegg í þá umræðu og þess er vænst að hún verði til þess að flýta ákvörðun um uppbyggingu háskólanáms, samhliða eflingu rannsókna og tengsl þeirra við háskólastarfsemi á svæðinu.

Hinsvegar með tilliti til aðildar FSV aðild að starfshópi menntamálaráðuneytis, vill stjórn FSV að sinni skoða þingsályktun um háskóla á Vestfjörðum í samhengi við þá vinnu og þá hvað varðar fyrirkomulag háskólakennslu og áherslur í starfi. Stjórn FSV vill hinsvegar á þessu stigi taka undir það sjónarmið sem kemur í fram í greinargerð tillögunnar, að stjórna beri uppbyggingu á háskólanámi á Vestfjörðum með sjálfstæðri stofnun með fjárveitingu af fjárlögum. Einnig að stofnunin hafi nægjanlegt svigrúm til þess að móta námsframboð og aðkomu að uppbyggingu rannsókna. Stjórn FSV vill einnig undirstrika mikilvægi þess að stofnunin hefji starfsemi á komandi sumri með því fjármagni sem er til reiðu af byggðaaætlan og henni síðan tryggð fjárveiting á fjárlögum 2005. Gæta verður þess að slík ráðstöfun hafi ekki áhrif á starfsemi Fræðslumiðstöðvar á sviði símenntunar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga